

Guðmundur Gunnarsson (kt. 230976-5119), bæjarstjóri f.h. Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, sem leigusali, og Snorri Hermannsson, (kt.020434-2799), sem leigutaki gera með sér svo felldan

## GRUNNLEIGUSAMNING

### 1. grein

Leigusali selur leigutaka á leigu lóð nr. 39 í Tunguskógi (Inr. 138949), undir sumarbústað, skv. meðfylgjandi afstöðumynd. Lóðin er 1398 m<sup>2</sup> að stærð og skal hún leigð með þeim kjörum sem fyrir er haft í eftirfarandi greinum:

### 2. grein

Lóðin skal látin á leigu til 1. jan. 2041 og sé leigutaka heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn, einan sér með þeim réttindum, sem lóðinni fylgja eða ásamt húsum og mannvirkjum á lóðinni. Réttur veðhafa til veðsins skal haldast að öllu leyti óskertur, þótt leigutaki brjóti skuldbindingar þær, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðareigenda með leigusamningnum.

### 3. grein

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld til opinberra þarfa sem lögð eru, eða kunna að verða á hina leigðu lóð. Leigutaki greiðir kostnað við þinglestur á leigusamningi.

### 4. grein

Ársleiga af lóðinni skal vera 3,0% - þrjú af hundraði - af fasteignamati lóðarinnar, eins og ákveðið er á hverjum tíma. Leigan er háð þeim ákvörðunum bæjarstjórnar sem í gildi eru á hverjum tíma. Leiguna skal greiða á skrifstofu bæjarstjórnar á Ísafirði og eru gjalddagar 12. janúar, 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl og 1. maí ár hvert, fyrir árið sem fer í hönd, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga reiknast dráttarvextir 1. hvers mánaðar þar á eftir, eða skv. ákvörðun bæjarstjórnar á hverjum tíma. Dráttarvextir skulu reiknast eins og þeir eru á hverjum tíma. Fyrir lóðarleigunni og dráttarvöxtum er lögtaksréttur skv. lögum frá 16. desember 1885. Leigutaki og veðhafi eru skildir að hlíta því, er í lög verða sett ákvæði að leiga gangi á undan veðskuldum, sem á eigninni hvíla.

### 5. grein

Vilji bæjarstjórnin ekki að loknum leigutíma leyfa leigutaka með nýjum leigusamningi, að láta hús, sem þá eru á lóðinni, standa þar áfram skal bæjarstjórnin greiða leigutaka sannvirði mannvirkja eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands þeirra.

### 6. grein

Af samningi þessu skulu gerð þrjú samrit og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt til þinglýsingar.

### 7. grein

*Sú kvöð skal vera á lóðinni að búseta í sumarbústöðum er aðeins heimil á tímabilinu frá 16. apríl til 15. desember ár hvert.*

Ísafirði, 18. Okt. 2018

Vottar að rétttri dagsetningu, undirskrift og fjárræði aðila:

\_\_\_\_\_

Nafn og kennitala

\_\_\_\_\_

Nafn og kennitala

f.h. Bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar,

\_\_\_\_\_

sem leigusali:

\_\_\_\_\_

sem leigutaki